

Stjórn foreldrafélags Brekkuskóla - fundargerð 05. nóvember 2018

Mættir: Björgvin, Jóhann, Agla, Áslaug, Begga, Laufey, Sigþóra.

Kosið var í störf stjórnar: Jóhann formaður, Begga varaformaður, Laufey gjaldkeri, Sigþóra ritari. Fulltrúar í Samtaka eru Jóhann og Björgvin.

Auglýsa á eftir fulltrúum frá 2., 6. og 9.bekk. Bréf samið sem sent verður á þessa árganga.

Mál sem tekin voru fyrir:

- Ákveðið var að styrkja bókasafn skólans um kr. 125.000.-. Þetta hefur verið gert síðast liðin ár og gefist vel.
- Foreldrafélagið mun sjá um að fá jólasvein fyrir jólaballið og greiða fyrir það.
- Fyrirspurn um hvort athuga ætti um áhuga stjórnenda og matráðs um að hafa salatborð í mötuneytinu, eins og gert er í nokkrum grunnskólum í bænum. Ákveðið að skoða það mál hjá stjórnendum.
- Í framhaldinu á því voru umræður um hver nýtingin á mötuneytinu væri og ákveðið að fá upplýsingar um það hjá stjórnendum.
- Mál rætt sem kom frá á aðalfundinum varðandi gangbrautarmál og umferðaröryggi barna sem þurfa að fara yfir Þórunnarstræti á morgnana. Ákveðið að byrja á því að athuga hvort skólinn geti mannað gangbrautarvörð þar á morgnana eins og yfir Þingvallastræti við Sundlaug.
- Símmál barna rædd almennt.

Fundi slitið.

Næsti fundur mánudaginn 3.desember kl. 20:00